

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 8. ágúst 2019

Ályktun LÍS vegna frumvarps um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna

Í frumvarpi um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna, hér eftir SÍN, sem ætlað er að komi í stað núverandi Lánasjóð íslenskra námsmanna, eru lagðar fram talsverðar breytingar frá fyrra kerfi. Meðal annars innleiðingu styrkjakerfis, breyttum vaxtakjörum og að framfærsla stúdenta erlendis verði almennt sú sama og stúdenta á Íslandi, svo lítið sé nefnt. Aðkoma stúdenta var sterk við gerð frumvarpsins en Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍS, tilnefndu tvo stúdenta í starfshóp um endurskoðun á lögum LÍN. Þau héldu hagsmunum stúdenta hátt á lofti með það að leiðarljósi að kerfið þyrfti að sinna hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður. Stúdentar eru stærstu hagsmunaaðilar frumvarpsins og gæti SÍN ekki sinnt hlutverki sínu nema hann gagnist þeim fjölbreytta hópi sem stúdentar skipa. Það eru þó viss varhugaverð atriði í frumvarpinu sem LÍS telja að þarfnist frekari skoðunar.

Mánaðarlegar greiðslur

Það væri til góða ef námslán yrðu greidd mánaðarlega en vafi leikur á orðalagi í frumvarpi um SÍN þar sem aðeins stendur að heimilt sé að greiða út námslán mánaðarlega. LÍS telja rétt að eyða þeim vafa og að sjóðnum skuli vera skylt að greiða námslán út mánaðarlega ef lántaki óskar þess.

Breytt vaxtakjör

Í frumvarpinu taka lánakjör námsmanna miklum breytingum samanborið við núverandi lánasjóðskerfi. Aðeins er settur varnagli á að ef vaxtakjör á verðtryggnu láni fari yfir 4% með föstu vaxtaálagi þá verði skipuð þriggja manna nefnd sem fer yfir ástæður þess og leggur til við ráðherra mögulegar útfærslur á breytingum. Sama ákvæði kemur fram í tengslum við óverðtrygguða vexti nema þá er um að ræða 9%. LÍS telja að æskilegra væri að setja þak á vexti. Í núverandi kerfi eru vextir af lánum sjóðsins breytilegir en þó aldrei hærri en 3% ársvextir af

höfuðstól skuldarinnar og leggja LÍS til að þetta ákvæði haldist inni fyrir verðtryggð lán og að svipað hámark verði sett fyrir óverðtryggð lán.

Óháð tillögu LÍS um þak á vexti þá telja LÍS að í lögum um Stuðningssjóð ætti að vera heimildarákvæði til handa ráðherra sem kveður á um að stofna megi til nefndarinnar jafnvel þó vextir hafi ekki náð því hámarki sem kveðið er á um í lögnum. Þá krefjast LÍS þess að ráðherra sé skylt að stofna til nefndarinnar þegar vextir ná hámarki og leggja LÍS enn fremur til að slíkt hámark sé 3% á verðtryggðum lánum og 7% á óverðtryggðum.

Það er einnig óljóst hvaða ráðstafana fyrirnefnd nefnd getur gripið til. Ákvæðið getur skapað falskt öryggi og telja LÍS lyklatríði að valdheimild nefndarinnar sé skýr svo hún þjóni tilgangi sínum. LÍS telja að ákvörðun af þessu tagi verði að vera tekin með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi. Það verður að vera skýrt að grípa þurfi inn í ef efnahagslegt umhverfi breytist til hins verra. LÍS leggja enn fremur til að samtökin tilnefni einn stúdent í nefndina ásamt tilnefningum ráðherra.

Tekjutenging

LÍS óska eftir því að litið verði til aðstæðna hvers og eins og ef einstaklingur hefur náð 35 ára aldri en getur þó vegna upphæðar lánsins borgað það fyrir 65 ára með tekjutengdri afborgun þá eigi hann að hafa tækifæri til þess.

Hámarkstími barnastyrks

Ef frumvarpið fær að standa í núverandi mynd verður styrkur hvers námsmanns vegna framfærslu barns veittur að hámarki í 96 mánuði. Það jafngildir aðeins 480 ECTS eininga en stúdentar hafa endurtekið kallað eftir hærri lánsrétti síðastliðin ár. LÍS krefjast þess að hámarkstími barnastyrks fylgi lánsrétti sem er ákvarðaður í úthlutunarreglum ár hvert.

Endurgreiðslur námslána

Í frumvarpi um SÍN kemur fram að endurgreiðslur námslána muni hefjast einu ári eftir námslok í stað tveggja. Árin eftir námslok geta verið fólki fjárhagslega erfið og krefjast LÍS þess að fleiri undanþágur standi lántakendum til boða.

Ferðalán til námsmanna erlendis

Í frumvarpinu er einungis að finna heimild til ferðalána en ekki er um að ræða skyldu fyrir stjórn SÍN. Það er grundvallaratriði fyrir námsmenn erlendis er að þeim sé veitt ferðalán svo þeir eigi sömu tækifæri og aðrir námsmenn til að vinna sér inn tekjur um sumarið enda mun almennt vera lánað fyrir framfærslu í 9 mánuði samkvæmt frumvarpinu.

Framfærsla námsmanna

LÍS gera athugasemdir við að frumvarpið boðar engar breytingar handa sjóðsstjórn vegna ákvörðun grunnframfærslu. Þvert á móti leggur frumvarpið upp með að framkvæmd stjórnar hingað til sé sú framkvæmd sem megi vænta af sjóðsstjórn í nýju kerfi. Þar sem engar breytingar eða fyrirmæli koma fram til stjórnar vegna framfærslulána í nýju kerfi er hér tapað færi á að krefja stjórn um endurskoðun þeirra svo stúdentum verði raunverulega gert kleift að framfleyta sér í námi.

Innleiðing styrkjakerfis

LÍS fagna innleiðingu styrkjakerfis enda hafa stúdentar lengi beðið eftir styrkjakerfi byggt á einhverjum þeirra fyrirmýnda sem finnast á Norðurlöndunum. Þá fagna samtökin sérstaklega að breyta eigi framfærslu barna í styrk enda væri innleiðing þess mikið framfaraskref.

Önnur atriði

Í umsögn sinni taka LÍS einnig afstöðu til þjónustuhlutverks SÍN, framfærslu námsmanna erlendis, misvísandi orðanotkunar og heimild sjóðsstjórnar til þess að taka ákvarðanir varðandi úthlutunarreglur sjóðsins. Þá gefa LÍS ekki mikið fyrir þau rök sem ítrekað er vísað til í frumvarpinu um að markmið frumvarpsins sé að efla fjármálalæsi ungs fólks. Samtökin vísa í umsögnina sem var send inn á Samráðsgátt þann 8. ágúst 2019 fyrir nánari lestur um ofangreind atriði.

Ljóst er að núverandi kerfi þjónar ekki tilgangi sínum og er löngu tímabært að nýtt og betrubætt kerfi líti dagsins ljós. Menntun er grundvallarstoð atvinnu og nýsköpunar í landinu og nauðsynlegt er að aðgengi allra þjóðfélagshópa þar að sé tryggt, óháð bakgrunni og aðstæðum. Frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna er óneitanlega skref í rétta átt. Engu að síður er mikilvægt að gangast við því að enn er mikil vinna fyrir höndum áður en hlutur stúdenta er réttur við á fullnægjandi hátt og að fyrirnefnd markmið náist.